

Fyrirspurnir vegna mistaka á endurgerð Kleppsveg 150-152, Brákaborg

Fulltrúi Flokks fólksins óskar skýringa á mistökum sem gerð voru á þaki leikskólans Brákaborgar en þar var lagt torfþak sem reyndist þyngra en reiknað var með og tilgreint var á teikningum og leiddi til þess að torfþakið varð eiginlega að mýri.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hver sé heildarkostnaður verkefnisins frá upphafi: niðurrif, byggingarframkvæmdir og til enda viðgerðar vegna mistakanna og hversu langt kostnaðurinn fór fram úr áætlun?

Hvernig var eftirliti háttað, úttekt á framkvæmdum og hvenær í ferlinu varð þessi vandi ljós?

Greinargerð

Fulltrúi Flokks fólksins lýsti yfir áhyggjum sínum á þeim tíma sem hönnunartillagan var kynnt, áhyggjur sem lutu að gerð torfþaks. Flokkur fólksins lagði þá fram viðvörðunarbókun. Halda mætti að sérfræðingar á skipulags, hönnur og arkitektasviði viti að vatn er þungt. Gera má ráð fyrir að að 10 mm úrkoma sem er ósköp venjuleg í Reykjavík séu 10 lítrar eða 10-kg á fermetra. Losna þarf fljótt við það vatn ef það er á þaki. Það gerist ekki á flötu þaki því að vatnið má ekki renna niður í bygginguna

Því má segja að með torfþakinu hafi verið mynduð mýri. Torfþök fyrr á öldum voru brött. Þá skildu menn að vatnið þyrfti að renna brott. Sú þekking kann að hafa glatast meðal hönnuða? Í ofanálag er það stór skrýtið að svona hönnun hafi verið verðlaunuð.

Hér er um alvarleg mistök að ræða sem kostar gríðarlegt fjármagn og mun koma illa við borgarsjóð og borgarbúa. Óþægindin koma einnig illa við börnin á Brákarborg og foreldra þeirra. Flytja þarf leikskólann í húsnæði í Ármúla. Málið er allt hið vandræðalegasta hvernig sem á það er litið og ber vott um dómgreindarleysi ráðamanna